

Fundargerð 409. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2019, föstudaginn 18. janúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Hrund Karlsdóttir, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir (í fjarfundarbúnaði), Pétur Ólafsson, Björn Arnaldsson og Lúðvík Geirsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2018 - 1801004HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 408. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 23. nóvember 2018.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Hafnafundur 2019 - 1901003HA

Rætt um dagsetningu hafnafundar 2019 sem haldinn verður í Porlákshöfn.

Samþykkt að halda hafnafundinn 26. september nk. og er fræðslunefnd falið að hefja undirbúning.

3. Fundargerðir Siglingaráðs - 1712003HA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 10. og 11. fundar Siglingaráðs frá 8. nóvember og 13. desember 2018.

Stjórnin ræddi álagningu siglingaverndargjalda sbr. fundargerð nr. 11.

4. Samstarfsverkefni hafnasambandsins - 1901005HA

Rætt um hugsanleg samstarfsverkefni hafnasambandsins (flutningahópur sjávarklasans, ESPO).

Formanni falið að skoða betur hvað aðild að ESPO og flutningahóp Sjávarklasans kostar á ári. Ákveðið að taka málið aftur upp á næsta stjórnarfund.

5. Framlög til hafnaframkvæmda í fjárlögum 2019 - 1901004HA

Lagðar fram upplýsingar um fjárframlög í hafnabótasjóð í fjárlögum 2019 en skv. fjárlögum eru 915,5 m.kr. settar í hafnabótasjóð 2019.

6. Farþegaskip - skýrsla - 1901006HA

Lögð fram til kynningar skýrsla um farþega- og áhafnakannanir og ferðaþjónustu.

Pétur kynnti niðurstöðurnar en ítarlegri gögn verða lögð fyrir á næsta stjórnarfund.

7. Umsögn um frumvarp til laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða - 1812001HA

Lögð fram til kynningar umsögn Hafnasambands Íslands til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 8. janúar 2019, um frumvarp um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.

8. Drög að frumvarpi um gjald vegna nýtingar eldissvæða í sjó - óskað umsagnar - 1901007HA

Vaktin athygli á drögum að frumvarpi í Samráðsgáttinni um gjald vegna nýtingar eldissvæða í sjó.

9. Eftirlit Fiskistofu - skýrsla Ríkisendurskoðunar - 1901008HA

Vaktin athygli á skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis um eftirlit Fiskistofu, dags. í desember 2018.

Stjórn óskar eftir því að samráðsnefnd hafnasambandsins og Fiskistofu fari yfir efni skýrslunnar varðandi þau atriði sem snerta hafnir með það að markmiði að hafnasambandið komi að frekari umræðu um vigtarmál.

Samþykkt að taka skýrsluna til umræðu á næsta fundi stjórnar.

Fundi var slitið kl. 12:50

Gísli Gíslason

Guðný Hrund Karlsdóttir

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Pétur Ólafsson

Björn Arnaldsson

Lúðvík Geirsson

Valur Rafn Halldórsson